Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar mánudaginn 2. nóvember 2026 og hófst kl. 16. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Eva María Jónsdóttir, Jóhannes B. Sigtryggsson, Anna Sigríður Þráinsdóttir og Guðrún C. Emilsdóttir. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1) Næsta starfsár

Næsta starfsár verður hið síðasta hjá sitjandi málnefnd. Samkvæmt stefnuskrá verður megináhersla í starfi nefndarinnar á því starfsári lögð á miðlun listar og fróðleiks á íslensku. Rætt var um hvernig nefndin gæti unnið að þessu markmiði á komandi starfsári.

2) Önnur mál

a. Málfregnir

Stefnt er að því að Málfregnir, vefrit Íslenskrar málnefndar, komi út á degi íslenskrar tungu, 16. nóvember. Þessi útgáfa er tileinkuð málræktarþingi nefndarinnar sem haldið var í Eddu 24. september undir yfirskriftinni *Íslensk tunga á tímum snjalltækja*.

b. Ritreglur

Sjá fundargerð stjórnar ÍM 1/2026. Áður hafði verið ákveðið að Íslensk málnefnd gæfi út bækling með ritreglum sem Jóhannes B. Sigtryggsson hyggst taka saman og að þeim yrði dreift í skóla. Ákveðið var að fresta útgáfunni þar sem til greina kemur að endurskoða tiltekna þætti ritreglnanna. Jóhannes mun greina nánar frá gangi verksins á desemberfundi stjórnar málnefndar.

c. Íslenskukunnátta afgreiðslufólks

Málnefndinni barst tölvuskeyti frá Gesti Hrólfssyni þar sem hann kvartaði yfir því að starfsfólk í tiltekinni verslun gæti ekki sagt orð á íslensku. Hann taldi það vera metnaðarleysi bæði hjá fyrirtækinu og viðkomandi starfsmanni og benti á að fyrirtækið ætti að hvetja starfsfólk sitt til að tala íslensku.

d. Gervigreindarþýðingar

Íslenskri málnefnd bárust afrit af tölvuskeytum vegna kvörtunar Rithöfundasambands Íslands yfir meintri notkun gervigreindar í stað mennskra þýðenda við skjátextaþýðingar hjá Sjónvarpi Símans. Í svari Símans kom fram að málið byggðist á misskilningi. Íslenskur texti fylgdi í auknum mæli efni frá framleiðendum og væri unninn af erlendum fyrirtækjum með íslenska þýðendur á sínum snærum.

e. Málstefnur sveitarfélaga

Stefán Vilbergsson, verkefnastjóri Öryrkjabandalags Íslands, sendi fyrirspurn um hvaða sveitarfélög hefðu sett sér málstefnu, sbr. 130. gr. sveitarstjórnarlaga, og hversu mörg þau væru. Ákveðið var að afla upplýsinga um málið.

f. Umsagnir

Íslenskri málnefnd barst boð frá allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis um að veita umsögn um frumvarp til markaðssetningarlaga (auglýsingar á íslensku, 89. mál). Málnefndin hafði áður skilað umsögn í Samráðsgátt um frumvarpið (S-181/2025) og lýst ánægju með

ákvæði 14. gr. um þá meginreglu að auglýsingar skuli vera á íslensku. Því var ekki send ný umsögn til Alþingis.

Málnefndinni barst jafnframt boð frá sömu þingnefnd um að veita umsögn um frumvarp um mannanöfn (ættarnöfn o.fl., 81. mál). Hún hafði áður skilað ítarlegri umsögn um mannanöfn á 149. löggjafarþingi 2018–2019 (9. mál) og sendi því ekki nýja umsögn að þessu sinni.

g. Fundur í fullskipaðri málnefnd

Fundur í fullskipaðri málnefnd verður haldinn á 2. hæð í Eddu 19. nóvember kl. 15.

Fleira gerðist ekki; fundið slitið kl. 17.10.

Ármann Jakobsson	Ágústa Þorbergsdóttir
sign.	sign.